

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

### *Deiliskipulag miðbæjarsvæðis á Hellu.*

Hreppsnefnd Rangárþings ytra, samþykkti þann 1. febrúar 2013, endurskoðun á deiliskipulagi fyrir miðbæjarsvæði á Hellu. Eldra deiliskipulag, sem samþykkt var í sveitarstjórn 12. apríl 1994, fellur úr gildi við gildistöku þessa skipulags. Málsmeðferð var samkvæmt ákvæðum 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagið tekur til miðbæjarsvæðisins ásamt verslunar- og þjónustusvæði austan þess. Svæðin eru auðkennd sem M1, M2 og P7 í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, með síðari breytingum. Svæðið afmarkast af Dynskálum og Þingskálum að norðan, Suðurlandsvegi að sunnan, Ytri-Rangá að vestan en að austan af lóð nr. 22 við Dynskála.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

### *Deiliskipulag Rangárbakka á Hellu.*

Hreppsnefnd Rangárþings ytra, samþykkti þann 1. febrúar 2013, deiliskipulag fyrir Rangárbakka á Hellu. Málsmeðferð var samkvæmt ákvæðum 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða deiliskipulag iðnaðarsvæðis, athafna-, þjónustu- og verslunarsvæðis á Hellu. Svæðin eru auðkennd sem I5, P3, P4 og P6 í aðalskipulagi Rangárþings ytra á Hellu 2010-2022, með síðari breytingum. Skipulagssvæðið afmarkast af Suðurlandsvegi að norðan en að sunnan af opnu svæði að Gaddstaðaflötum (O5) og þjónustusvæði (P5). Að vestan afmarkast svæðið af Ytri-Rangá en að austan af Gaddstaðavegi. Lóðir á skipulagssvæðinu verða við Rangárbakka og Rangáflatir. Stærð skipulagssvæðisins er tæpir 8 hektarar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

### *Deiliskipulag við Dynskála á Hellu.*

Hreppsnefnd Rangárþings ytra, samþykkti þann 1. febrúar 2013, endurskoðun á deiliskipulagi fyrir miðbæjarsvæði á Hellu. Eldra deiliskipulag, sem samþykkt var í sveitarstjórn 17. desember 1996, fellur úr gildi við gildistöku þessa skipulags. Málsmeðferð var samkvæmt ákvæðum 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið afmarkast af Suðurlandsvegi að sunnan og íbúðarsvæði á Öldum og við Borgarsand að norðan. Stærð skipulagssvæðisins er tæpir 14 hektarar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 5. mars 2013.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Haraldur Birgir Haraldsson** skipulagsfulltrúi.